

## **Sérstök samstarfsverkefni í hverfum á grundvelli „fimm prósent reglu” Frístundakortsins**

Með Frístundakortinu má greiða fyrir þátttöku í sérstökum samstarfsverkefnum eða námskeiðum í hverfum sem hafa það að markmiði að ná til ófélagsbundinna barna og unglunga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi. Hluti fjármagnsins sem ætlaður er til Frístundakortsins er sérstaklega skilgreindur til að styrkja uppbyggingu samstarfsverkefna og forvarna í hverfum og bregðast við aðstæðum þar sem erfitt er að ná fram markmiðum þess um jöfn tækifæri allra barna og unglunga.

Í fjárhagsramma Frístundakortsins er áætlað að verja til þessa þáttar 5% af heildarfjárveitingu hvers árs og er fjárveitingin kr. 17.350 þús. í ár. Verkefnin eiga að vera þátttakendum að kostnaðarlausu og þegar þátttöku í verkefninu líkur séu þau líklegri til að fara í skipulagt tómsundastarf og geti þá nýtt þann styrk af Frístundakorti sem þau eiga rétt á.

**Skilyrði sem félög og stofnanir sem standa fyrir verkefnum á grundvelli “fimm prósent reglunnar” þurfa að uppfylla eru:**

- Samstarfsaðilar séu hver um sig viðurkenndir sem formlegt félag eða stofnun
- Greining á þörf fyrir verkefnið – skilgreining markhóps
- Lýsing á verkefninu - rök og tilgangur
- Hverjir eru samstarfsaðilar og hlutverk hvers um sig, meðal annars hver fer með fjárhagslega ábyrgð
- Hverjir aðrir tengjast verkefninu
- Starfsáætlun – tímaplan – fjárhagsáætlun
- Hvar fer starfið fram – inntak starfsins og verkefna
- Kröfur til starfsmanna
- Uppgjör og mat á árangri

Á heimasíðu ÍTR [www.itr.is](http://www.itr.is) má finna umsóknareyðublöð vegna samstarfsverkefna. Umsóknir sendist á [fristundakort@itr.is](mailto:fristundakort@itr.is) eða á skrifstofu Íþrótt- og tómsundasviðs Reykjavíkur, Frístundakort ÍTR, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.